

Staðlaðar setningar vegna sérstakrar áhættu eða varúðarráðsstofana fyrir plöntuverndarvörur á íslensku¹

Enskt nr.	Íslenskt nr.	Staðlaðar setningar vegna sérstakrar áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða umhverfið eru birtar í II. viðauka í reglugerð (ESB) nr. 547/2011
<i>RSh 1</i>	<i>HShei 1</i>	Eitrað í snertingu við augu.
<i>RSh 2</i>	<i>HShei 2</i>	Getur valdið sólaróþoli í húð.
<i>RSh 3</i>	<i>HShei 3</i>	Snerting við gufu veldur bruna í húð og augum og snerting við vökva veldur kali.
		Staðlaðar setningar vegna varúðarráðsstofana til að vernda heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið eru birtar í III. viðauka í reglugerð (ESB) nr. 547/2011
<i>SP 1</i>	<i>VR 1</i>	Mengið ekki vatn með efninu eða íláti þess. (Hreinsið ekki búnað nálægt yfirborðsvatni/Koma skal í veg fyrir að mengun verði með afrennsli frá bæjarhlöðum og vegum).
<i>SPo 1</i>	<i>VRnot 1</i>	Ef efnið kemst í snertingu við húð skal fyrst hreinsa það af með þurrum klút og skola síðan húðina með miklu vatni.
<i>SPo 2</i>	<i>VRnot 2</i>	Þvoið allan hlífðarfátnað að lokinni notkun.
<i>SPo 3</i>	<i>VRnot 3</i>	Forðast skal innöndun reyks eftir að kveikt hefur verið í efninu og yfirgefa skal svælda svæðið þegar í stað.
<i>SPo 4</i>	<i>VRnot 4</i>	Opna skal ílátið utanhúss og við þurr skilyrði.
<i>SPo 5</i>	<i>VRnot 5</i>	Loftræsta skal úðuð svæði/gróðurhús (vandlega/eða í tilgreindan tíma/þar til úðinn hefur þornað) áður en farið er þangað inn aftur.
<i>SPe 1</i>	<i>VRumh 1</i>	Til að vernda grunnvatn/jarðvegslífverur skal ekki nota þessa eða aðra vöru sem inniheldur (tilgreinið virkt efni eða flokk virkra efna eftir því sem við á) lengur eða oftar en (tilgreinið hversu lengi eða oft má nota efnið).
<i>SPe 2</i>	<i>VRumh 2</i>	Til að vernda grunnvatn/vatnalífverur skal ekki nota þetta efni (á tilgreinda jarðvegsgærd eða við tilgreindar aðstæður).
<i>SPe 3</i>	<i>VRumh 3</i>	Til að vernda vatnalífverur/plöntur utan markhóps/liðdýr/skordýr utan markhóps má ekki nota efnið nær óræktuðu landi/yfirborðsvatni en (tilgreind breidd svæðis sem er óheimilt að úða).
<i>SPe 4</i>	<i>VRumh 4</i>	Til að vernda vatnalífverur/plöntur utan markhóps má ekki nota efnið á malbikaða, steinsteypta, hellulagða eða malborna fleti eða vegi (járnbrautarspor) eða önnur svæði þar sem hætt er við að efnið berist út í umhverfið með afrennsli.
<i>SPe 5</i>	<i>VRumh 5</i>	Til að vernda fugla/villt spendýr verður að gæta þess vandlega að varan sé algerlega hulin jarðvegi. Gætið þess sérstaklega að varan sé hulin í endum raða.
<i>SPe 6</i>	<i>VRumh 6</i>	Til að vernda fugla/villt spendýr skal hreinsa upp allt efni, sem farið hefur til spillis.
<i>SPe 7</i>	<i>VRumh 7</i>	Óheimilt er að nota vöruna á varptíma fugla.

¹ Sbr. reglugerð (ESB) [nr. 547/2011](#) frá 8. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) [nr. 1107/2009](#) að því er varðar kröfur um merkingar á plöntuverndarvörum.

Frh. Staðlaðar setningar vegna sérstakrar áhættu eða varúðarráðsstofana fyrir plöntuverndarvörur á íslensku²

Enskt nr.	Íslenskt nr.	Staðlaðar setningar vegna varúðarráðsstofana til að vernda heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið eru birtar í III. viðauka í reglugerð (ESB) nr. 547/2011
<i>SPe 8</i>	<i>VRumh 8</i>	Hættulegt býflugum/Til að vernda býflugur og frævandi skordýr er óheimilt að nota vöruna á blómstrandi nytjaplöntur/Óheimilt er að nota vöruna þar sem býflugur eru í fæðuleit/Fjarlægð býkúpur meðan meðhöndlun með vörunni fer fram eða hyljið þær á meðan og í (tilgreinið tíma) að lokinni meðhöndlun/Óheimilt er að nota vöruna ef blómstrandi illgresi er til staðar/Eyða skal illgresi áður en það blómgast/Óheimilt er að nota vöruna fyrir (tilgreinið tíma).
<i>SPa 1</i>	<i>VRlan 1</i>	Til að koma í veg fyrir þolmyndun skal ekki nota þessa eða aðra vöru sem inniheldur (tilgreinið virkt efni eða flokk virkra efna eftir því sem við á) oftár eða lengur en (tilgreinið hversu oft eða lengi má nota vöruna).
<i>SPr 1</i>	<i>VRnag 1</i>	Agni skal komið fyrir þannig að ekki sé hætt á að önnur dýr komist í það. Festa skal agnið tryggilega þannig að nagdýr geti ekki dregið það í burtu.
<i>SPr 2</i>	<i>VRnag 2</i>	Svæðið, sem meðhöndla á, skal vera merkt meðan á meðhöndlun stendur. Varað skal við hættunni á að verða fyrir eitrun (beinni eða óbeinni) af völdum storkuvarans og tilgreina skal móteitrið við honum.
<i>SPr 3</i>	<i>VRnag 3</i>	Hræ nagdýra skulu fjarlægð daglega af meðhöndlaða svæðinu meðan meðhöndlun stendur yfir. Ekki má setja hræin í sorptunnur eða á sorphauga.

² Sbr. reglugerð (ESB) [nr. 547/2011](#) frá 8. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) [nr. 1107/2009](#) að því er varðar kröfur um merkingar á plöntuverndarvörum.